

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/948
komudagur 22.2.2006.

Reykjavík 21. febrúar 2006.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, hámark á krókaafhlutdeild o.fl., 448. mál.

Sjómannasamband Íslands styður megin atriði frumvarpsins og er hér á eftir fjallað nánar um hverja grein frumvarpsins.

Um 1. grein:

Eðlilegt er að 6. gr. laganna um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, með síðari breytingum, verð felld brott úr þeim í upphafi næsta fiskveiðiárs þar sem yfirstandandi fiskveiðiár er það síðasta sem sóknardagakerfi fyrir krókabáta er við lýði. Sjómannasamband Íslands styður því greinina.

Um 2. grein:

Sjómannasamband Íslands tekur undir þá tillögu sem sett er fram í frumvarpinu um að sett verði sérstakt hámark á samanlagða krókaafhlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila. Við ákvörðun á hámarks eignaraðild þarf þó að gæta þess að einstakir aðilar, einstaklingar eða lögaðilar sem starfandi eru í þessu kerfi verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þess að þeir hafi áður en frumvarpið kom fram fjárfest í krókaafhlutdeild sem leiðir til þess að þeir fara yfir hámarkið. Þetta þarf að skoða vel áður en hámarks eru lögfest. Að því gefnu að þau hámarks, sem sett eru í frumvarpinu, valdi engu fyrirtæki í þessari grein fjárhagslegu tjóni þá styður Sjómannasamband Íslands þessa grein frumvarpsins eins og hún er.

Um 3. grein:

Úr því að flutningur aflamarks milli skipa er á annað borð leyfður er eðlilegt að heimilt sé að gera það með rafrænum hætti að uppfylltum ströngum skilyrðum. Sjómannasamband Íslands gerir því ekki athugasemd við þessa grein frumvarpsins.

Um 4. grein:


Engin athugasemd er gerð við þessa grein.

Um ákvæði til bráðabirgða:

Sjómannasamband Íslands styður heils hugar að stutt sé eins og kostur er við bakið á rækjuveiðum og -vinnslu vegna þeirrar stöðu sem greinin býr við í dag. Sjómannasamband Íslands telur sjálfsgagt að sú undanþága sé gerð frá núgildandi lögum að úthlutað aflamark í úthafsækju á fiskveiðiárunum 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008 leiði ekki til þess, vegna veiðiskyldunnar skv. 1. – 2. másl. 5. mgr. 12.

greinar laganna, að skip missi aflahlutdeild sína í úthafsrækju eða öðrum tegundum vegna lélegrar afkomu og veiði á úthafsrækju. Reyndar er auðvelt fyrir útgerðir að fara fram hjá þessu ákvæði núgildandi laga en engu að síður nauðsynlegt að gera þessar breytingar á lögnum til bráðabirgða. Varðandi seinni hluta ákvæðisins um að innheimta veiðigjald á framangreindum þremur fiskveiðiárum miðað við landaðan úthafsrækjuafla í stað kvótaúthlutunar þá hefði Sjómannasamband Íslands kosið að veiðigjaldið félli varanlega brott fyrir allar fisktegundir. Þrátt fyrir andstöðu við veiðigjaldið getur Sjómannasamband Íslands fallist á þessa lausn ef ekki er vilji til að ganga lengra.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson